

Sigríður Droplaug Jónsdóttir  
VSÓ Ráðgjöf  
Borgartúni 20  
105 Reykjavík



Reykjavík 7. ágúst 2015  
UST201506-257/H.G.G.  
10.04.03

## Efni: Umsögn um umhverfisskýrslu vegna tillögu að deiliskipulagi hreinsistöðvar í Djúpuvík, Sandgerðisbæ.

Vísað er til bréfs VSÓ Ráðgjafar frá 30. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umhverfisskýrslu vegna tillögu að deiliskipulagi hreinsistöðvar í Djúpuvík, Sandgerðisbæ.

Fram kemur í umhverfisskýrslu að áætlað er að reisa skólphreinsistöð við Djúpuvík og nýja útrás fráveitu nærri núverandi útrás. Skipulagssvæðið er staðsett við strandlengju Sandgerðisbæjar, er nýtur hverfisverndar skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins 2008-2024. Svæðið er þegar raskað vegna vegagerðar og athafna á vegum hersins.


### Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun tekur undir að skólphreinsistöð og lengri útrás geti haft jákvæð áhrif á strandlengju við Djúpuvík og dregið úr mengun, í samræmi við lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Stofnunin telur mikilvægt að fram komi í deiliskipulagstillögu fjarlægð hreinsistöðvarinnar frá sjávarströndinni, sem nýtur verndar sbr. gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, en þar kemur fram varðandi skipulag við vötn, ár og sjó: Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.


Umhverfisstofnun tekur undir það að leitast verði við að fella hreinsistöðina að umhverfinu og draga þannig úr áhrifum hennar á ásýnd svæðisins, ekki síst vegna nálægðar við útivistarsvæði. Stofnunin telur mikilvægt að forðast verði allt óþarfa rask á umhverfi, ekki síst við ströndina á framkvæmdatíma.

### Starfsemi

Í umhverfisskýrslu kemur fram að við ákveðnar aðstæður gæti orðið lyktarmengun, en þar sem ekki er byggð í nágrenni hreinsistöðvarinnar er það ekki talið hafa mikil áhrif. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hvar urða eigi það sorp/seyru er safnast upp við hreinsunina. Einnig bendir stofnunin á að ekki koma fram þau þrep er hreinsunin mun ná til né aðferðir við hreinsun.

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymistjóri